

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um  
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*  
**Starfsleyfisskilyrði fyrir gistiskála**

**1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir gististaði þar sem boðið er upp á gistingu í sérstökum svefnskálum eða -húsum.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og g hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

**2. Húsnæði og búnaður**

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.
- 2.3 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.4 Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.
- 2.5 Starfsfólk og viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að baðaðstöðu og fullbúinni snyrtingu. Að jafnaði skulu ekki fleiri en 10 gestir vera um hverja snyrtingu og baðaðstöðu.
- 2.6 Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m<sup>2</sup> og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu.
- 2.7 Rúm sem ætlað er einum gesti skal vera a.m.k. 2 x 0,9 m og tveimur gestum a.m.k. 2 x 1,4 m.
- 2.8 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum og skal vatnshiti ekki fara yfir 43°C við töppunarstað. Fyrirtæki, sem voru með gilt starfsleyfi 10. janúar 2003, hafa frest til 1. janúar 2006 til að uppfylla kröfu um vatnshita.

**3. Hreinlæti og þrif**

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin fyrir nýja viðskiptavini. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Loftræstikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.3 Þvottur skal þveginn við fullnægjandi aðstæður. Handklæði og rúmföt skal þvo við a.m.k. 60°C. Hreint lín skal aðskilið frá óhreinu.
- 3.4 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar í gistiskálum.

#### 4. Matvæli

- 4.1 Þar sem boðið er upp á eldunaraðstöðu skal vera eldavél, ísskápur uppþvottavaskur og fullnægjandi borðbúnaðar. Þá skal huga sérstaklega að loftræstingu og brunavörnum við eldavél.

#### 5. Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.  
5.2 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.  
5.3 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.  
5.4 Lyf og hættuleg efni skulu geymd á viðhlítandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.  
5.5 Koma skal fyrir sorpíláti við gistiskála.  
5.6 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

**Starfsleyfisráðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, reglugerð nr. 288/1987 um veitinga og gististaði, byggingarreglugerð nr. 441/1998.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):** 55.21 Farfuglaheimili og fjallaskálar